



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Rekstraráætlun 2014

Skýrsla til fjármála- og efnahagsráðherra
um áætlaðan rekstrarkostnað
Fjármálaeftirlitsins árið 2014

28. júní 2013



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2012	2
3	Rekstraráætlun vegna ársins 2013	4
3.1	Áherslur ársins 2013	5
4	Áherslur nýliðinna ára	6
4.1	Stefna Fjármálaeftirlitsins	6
4.2	Breytt skipulag.....	6
4.3	Alþjóðlegt samstarf	8
4.4	Umbætur á regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi	9
4.5	Fjölgun verkefna	9
5	Megin áherslur næstu ára	10
5.1	Meginmarkmið og framtíðarsýn Fjármálaeftirlitsins.....	10
5.2	Innleiðing tilskipana	12
5.3	Verðbréfamarkaður.....	12
5.4	Umbótaáætlun stofnunarinnar	13
6	Rekstraráætlun fyrir árið 2014	14
6.1	Helstu gjaldaliðir.....	15
6.2	Helstu tekjuliðir.....	16

1 Inngangur

Í samræmi við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með áorðnum breytingum, er fjármála- og efnahagsráðherra hér með send rekstraráætlun fyrir Fjármálaeftirlitið vegna ársins 2014. Samkvæmt lagaákvæðinu skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en 1. júlí ár hvert gefa ráðherra skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur, í samræmi við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 99/1999, leitað álits samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi stofnunarinnar á árinu 2014. Að teknu tilliti til óska nefndarinnar um aukið samráð var við gerð rekstraráætlunarinnar horft til þeirra athugasemda sem nefndin kom á framfæri við gerð rekstraráætlunar ársins 2013 og meðal annars dregið úr áður áætlaðri mannaflapörf stofnunarinnar. Þannig er nú gert ráð fyrir að fjöldi starfsmanna árið 2014 verði 122, 118 árið 2015 og 116 árið 2016. Þá hefur Fjármálaeftirlitið boðað til tveggja kynningarfundna frá síðustu áætlunargerð. Á fyrri fundinum var nefndarmönnum gerð nánari grein fyrir rekstri og uppbygginu upplýsingatækni stofnunarinnar og áformum stofnunarinnar um þróun þess málaflokks. Á síðari fundinum var fjallað ýtarlega um umbótaverkefni stofnunarinnar sem nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni. Þann 14. maí var samráðsnefnd send drög að rekstraráætlun fyrir stofnunina fyrir árið 2014 ásamt skýringum og drögum að skiptingu eftirlitsgjaldsins við álagningu. Í kjölfarið voru haldnir tveir fundir þar sem samráðsnefndinni var gerð nánari grein fyrir forsendum áætlunarinnar. Samráðsnefnd skilaði áliti þann 26. júní 2013. Fjármálaeftirlitið hefur lagt mat á álit samráðsnefndarinnar. Þá hefur stjórn Fjármálaeftirlitsins kynnt sér álit nefndarinnar og staðfest meðfylgjandi rekstraráætlun.

Í skýrslu þessari er að finna rekstraráætlun ársins 2014 og tillögur um álagningu eftirlitsgjalds í samræmi við lög nr. 99/1999.

2 Rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2012

Rekstraráætlunin fyrir árið 2012 var staðfest á Alþingi í desember 2011 með breytingum á lögum nr. 99/1999.

Staðfestur ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012 sýnir að tekjur af eftirlitsgjaldi á árinu 2012 námu 1.879,8 m.kr. Aðrar tekjur námu 48,1 m.kr. og vaxtatekjur að frádregnum vaxtagjöldum og fjármagnstekjuskatti námu 38,2 m.kr. Til tekna er þar að auki fært sérstakt 68 m.kr. ríkisframlag sem tengist ráðstöfunum Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins á grundvelli neyðarlaganna. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 1.745,5 m.kr. Tekjuafgangur samkvæmt rekstrarreikningi nam því 288,7 m.kr. Í framangreindum fjárhæðum eru tekjur og gjöld vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu, samtals 18,4 m.kr. Eignir í árslok 2012 námu samtals 681,0 m.kr. og skuldir 58,1 m.kr. þannig að eigið fé í árslok nam 622,9 m.kr.



Framangreindar fjárhæðir eru sýndar í töflu 1 hér að neðan. Þar eru til samanburðar fjárhæðir úr rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012, dálkur (1). Jafnframt eru þar sýndar tölur úr endurskoðaðri áætlun, dálkur (2), en þar er yfirfærsla eigin fjár frá árinu 2011 rauntala samkvæmt ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2011. Í dálka (1) og (2) hefur einnig verið bætt við tekjum og gjöldum vegna úrskurðarnefnda sem tilgreindar eru í ársreikningi stofnunarinnar en komu ekki fram í áætluninni.

Í m.kr.	Upphafleg áætlun 2012 (des 2011) (1)	Endurskoðuð áætlun 2012 (júní 2012) (2)	Rauntölur 2012 skv. ársreikn. (3)	Mismunur á raunt. og samþ. áætlun (3)-(2)
Tekjur:				
Eftirlitsgjöld	1.859,1	1.859,1	1.879,8	20,7
Vaxtatekjur	2,0	2,0	38,2	36,2
Aðrar tekjur	3,0	3,0	29,7	26,7
Úrskurðarnefndir	18,4	18,4	18,4	0,0
Sérstakt ríkisframlag	0,0	0,0	68,0	68,0
<i>Tekjur samt.</i>	<i>1.882,5</i>	<i>1.882,5</i>	<i>2.034,2</i>	<i>151,7</i>
Gjöld:				
Launakostnaður	1.369,3	1.369,3	1.276,2	-93,1
Önnur gjöld	547,8	547,8	450,9	-96,9
Úrskurðarnefndir	18,4	18,4	18,4	0,0
<i>Gjöld samt.</i>	<i>1.935,5</i>	<i>1.935,5</i>	<i>1.745,5</i>	<i>-190,0</i>
Tekjuafgangur	-53,0	-53,0	288,7	341,7
Eigið fé 31.12.2011	91,4	334,2	334,2	0,0
Eigið fé 31.12. 2012	38,4	281,2	622,9	341,7
þ.a. varasjóður	38,3	38,3	38,3	38,3
þ.a. annað eigið fé	0,1	242,9	584,6	303,4

Tafla 1. Rekstur Fjármálaeftirlitsins árið 2012.

Samkvæmt framangreindri töflu nr. 1 var í endurskoðaðri rekstraráætlun gert ráð fyrir að eigið fé Fjármálaeftirlitsins í árslok 2012 yrði 281,2 m.kr. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2012 nemur eigið fé hins vegar 622,9 m.kr. eða 341,7 m.kr. hærrí fjárhæð en áætlað var. Breytingin skýrist af tekjuafgangi á árinu 2012 umfram það sem áætlað var.

Tekjuafgangur á árinu 2012 umfram áætlun skýrist í meginatriðum af annars vegar 151,7 m.kr. vanáætluðum tekjum og hins vegar af 190,0 m.kr. ofáætluðum gjöldum. Frávik er því að fjárhæð 341,7 m.kr. eins og fyrr segir.

Tekjufráviknið skýrist af eftirfarandi:

- 20,7 m.kr. ófyrirséðar breytingar á álögðum *eftirlitsgjöldum*.



- 36,2 m.kr. vaxtatekjur umfram áætlun, sem stafar af hærra eigin fé í upphafi ársins 2012 en ráð var fyrir gert og áföllnum dráttarvöxtum á eftirlitsgjöld.
- 26,7 m.kr. aðrar tekjur á árinu 2012 umfram áætlun eru að stærstum hluta vegna veittrar þjónustu samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, s.s. vegna lýsinga, starfsleyfa o.fl. Slíkar tekjur eru háðar verulegri óvissu og því erfitt að áætla.
- 68 m.kr. tekjufærsla vegna sérstaks ríkisframlags sem tengist ráðstöfunum Fjármálaeftirlitsins í kjölfar bankahrunsins á grundvelli neyðarlaganna og ekki hafði verið gert ráð fyrir í áætlun ársins.

Gjaldafráviknið skýrist af eftirfarandi:

- 93,1 m.kr. lægri launakostnaður en áætlað var vegna þess að hluti starfsmanna var ráðinn síðar en áætlað var.
- 96,9 m.kr. lægri rekstrarkostnaður og eignakaup sem að hluta er tilkomið vegna framangreinds.

Samkvæmt lögum nr. 99/1999 er Fjármálaeftirlitinu heimilað að mynda varasjóð, samsvarandi rekstrarafgangi umfram áætlun, sem skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark slíks varasjóðs er 5% af áætlunni eftirlitsgjaldi næsta árs og er heimilt að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlunir vegna ófyrirséðra atvika. Varasjóður samkvæmt framangreindu var 38,3 m.kr. í árslok 2012.

Um rekstur og efnahag Fjármálaeftirlitsins á árinu 2012 er að öðru leyti vísað til ársreiknings Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2012, sem fylgir með áætluninni.

3 Rekstraráætlun vegna ársins 2013

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2013 var send efnahags- og viðskiptaráðherra þann 29. júní 2012. Hún var staðfest á Alþingi í desember 2012 með breytingum á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í rekstraráætlun fyrir árið 2014 hefur áætlun ársins 2013 verið endurskoðuð og er launakostnaðar úrskurðarnefndamanna nú talinn með gjaldaliðum, en sá kostnaður er greiddur af aðilum ágreiningsmála fyrir úrskurðarnefndum. Tekjur frá úrskurðaraðilum koma því að fullu á móti þeim gjöldum. Að auki hefur verið bætt við kostnaði vegna endurkrafins kostnaðar frá starfsmönnum vegna mötuneytis. Er þetta gert til að auka skýrleika áætlunarinnar og auðvelda samanburð við framsetningu í endanlegum rekstrar- og efnahagsreikningi. Drög að ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2012 liggja nú fyrir sem sýna að yfirfærsla eigin fjár frá árinu 2012 verður 622,8 m.kr. eða 341,7 m.kr. hærri fjárhæð en áætlað var. Eigið fé í árslok 2012 að frádregnum varasjóði, sem stofnuninni er heimilt að mynda samkvæmt ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 99/1999, hefur áhrif til lækkunar á áætlunni eftirlitsgjaldi næsta árs. Eins og fram kemur í yfirliti vegna rekstraráætlunar ársins 2014 í kafla 6 nemur þessi lækkun 361,2 m.kr.



3.1 Áherslur ársins 2013

Á yfirstandandi starfsári er mikil áhersla lögð á uppbyggingu og umbætur í innri starfsemi og unnið markvisst að því að ljúka þeim framkvæmdum sem áformaðar voru í áætlun ársins 2013. Umbótaáætlun Fjármálaeftirlitsins lýtur að styrkingu innviða stofnunarinnar í samræmi við niðurstöður og ábendingar skýrslna og úttekta. Áætlunin miðar að því að skipulagið styðji sem best við kjarnastarfsemi stofnunarinnar og að tryggja viðeigandi gæði starfseminnar. Vel hefur gengið að vinna að þessum verkefnum þótt þau séu mismunandi langt á veg komin auk þess sem þau hafa breyst og þróast nokkuð síðan áætlunin var gerð. Í mars sl. var samþykkt umsókn Fjármálaeftirlitsins um IPA¹ styrk til uppbyggingar og umbóta á innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Gert er ráð fyrir að styrkurinn verði greiddur út á næstu þremur árum. Sjá nánar kafla 5.4.

Á síðari hluta árs 2010 var unnið sjálfsmat hjá stofnuninni á grundvelli kjarnaviðmiða um árangursríkt bankaeftirlit² (e. *Basel Core Principles for Effective Banking Supervision*) og á vormánuðum 2011 framkvæmdi Pierre-Yves Thoraval ytra mat á sjálfsmati stofnunarinnar samkvæmt viljayfirlýsingu³ stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Á árinu verður unnið að undirbúningi að næstu úttekt sem áætlað er að verði framkvæmd fyrri hluta árs 2014.

Fjármálaeftirlitið hefur tekið þátt í setningu reglugerða í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti auk þess að vinna markvisst að því að setja reglur og leiðbeinandi tilmæli. Um er að ræða á þriðja tug reglna og leiðbeinandi tilmæla sem stefnt er að því að ljúka á árinu en flestar þeirra eru tilkomnar vegna nýrra laga.

Áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu nýrra starfseininga, samræmt verklag og aukið samstarf milli sviða Fjármálaeftirlitsins. Þá vinnur stofnunin að innleiðingu á Solvency II tilskipun Evrópusambandsins sem mun breyta starfsumhverfi váttryggingafélaga töluvert auk þess að undirbúa innleiðingu á CRD IV tilskipuninni⁴ og CRR reglugerð⁵ sem mun hafa í för með sér umfangsmiklar breytingar á löggjöf um fjármálafyrirtæki og þar með

¹ IPA (e. *Instrument for Pre-Accession Assistance*) er styrkur sem Evrópusambandið veitir þeim ríkjum sem sótt hafa um aðild og er ætlað að auðvelda tilvonandi aðildarríkjum að undirbúa þær breytingar sem aðild hefur í för með sér.

² Kjarnaviðmið um árangursríkt bankaeftirlit eru lágmarksviðmið fyrir eftirlit með bönkum og bankakerfum. Tilgangur þeirra er m.a. að samræma bankaeftirlit milli landa og gera eftirlitsstofnunum kleift að framkvæma sjálfsmat á starfsemi sinni. Þessi viðmið eru einnig notuð af Alþjóðagjaldeyrissjóðum og Alþjóðabankanum í tengslum við matsáætlun fyrir fjármálamarkaðinn, til að leggja mat á kerfi og aðferðir við bankaeftirlit. Nánari upplýsingar má finna á slóðinni: <http://www.bis.org/publ/bcbs129.htm>

³ Yfirlýsing íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins („*letter of intent*“ frá 16. ágúst 2011).

⁴ DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on the access to the activity of credit institutions and the prudential supervision of credit institutions and investment firms and amending Directive 2002/87/EC of the European Parliament and of the Council on the supplementary supervision of credit institutions, insurance undertakings and investment firms in a financial conglomerate.

⁵ REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on prudential requirements for credit institutions and investment firms.



eftirlitsverkefnum. Innleiðing tilskipunar um fagfjárfestasjóði (*AIFMD*)⁶ mun einnig fela í sér fjölda verkefna og skyldur fyrir Fjármálaeftirlitið.

Á síðustu misserum hefur skráðum félögum á verðbréfamarkaði fjölgað og velta viðskipta aukist. Flest bendir því til þess að verðbréfamarkaðurinn sé vaxandi og þörf á eftirliti aukist.

4 Áherslur nýliðinna ára

Síðastliðin þrjú ár hefur Fjármálaeftirlitið markvisst unnið að því að styrkja innra skipulag stofnunarinnar og hafa niðurstöður innlendra og erlendra skýrslna og úttekta einkum verið hafðar til hliðsjónar. Þar á meðal eru skýrslur Kaarlo Jännäri til forsætisráðuneytisins (mars 2009), skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis (*apríl 2010*) og skýrsla Pierre-Yves Thoraval til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins (*apríl 2011*). Gagnrýni skýrslanna beindist helst að eftirfarandi þáttum: Skorti á verkferlum og áhættumatskerfi, skilvirkni og forgangsröðun verkefna var ábótavant, vöntun á eftirfylgni, mikil starfsmannavelta og ófullnægjandi stjórnskipulag.

Í kjölfar framangreindar gagnrýni var ný stefna mótuð fyrir Fjármálaeftirlitið og skipuriti stofnunarinnar breytt. Jafnframt var unnin yfirgripsmikil umbótaáætlun þar sem lögð var áhersla á þá þætti sem helst voru gagnrýndir. Sjá nánari umfjöllun um umbótaáætlunina í kafla 5.4.

4.1 Stefna Fjármálaeftirlitsins

Í stefnu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2010 koma fram áherslur stofnunarinnar og framtíðarsýn. Þar segir að Fjármálaeftirlitið þurfi að stuðla að því að fjármálastofnanir hagi rekstri sínum í samræmi við samfélagslegt hlutverk sitt samkvæmt þeim leikreglum sem þeim eru settar í lögum. Öflugur fjármálamarkaður er þjóðfélagslega mikilvægur og Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins og stuðla að fjármálastöðugleika. Sagan hefur sýnt að hefðbundið eftirlit með formaskilyrðum laga dugar ekki eitt og sér til að ná ofangreindum markmiðum. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins og stuðla að traustum fjármálamarkaði.


Framtíðarsýn Fjármálaeftirlitsins er að fjármálamarkaður starfi eftir gildandi leikreglum í þágu alls samfélagsins.

4.2 Breytt skipulag

Haustið 2011 var ráðist í undirbúning umfangsmikilla skipulagsbreytinga innan Fjármálaeftirlitsins með þátttöku fjölda starfsmanna. Nýtt skipulag var innleitt í byrjun árs 2012.

⁶ DIRECTIVE 2011/61/EU OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 8 June 2011 on Alternative Investment Fund Managers and amending Directives 2003/41/EC and 2009/65/EC and Regulations (EC) No 1060/2009 and (EU) No 1095/2010.

Fimm eftirlitssvið voru lögð niður og þrjú ný stofnuð, vettvangs- og verðbréfaeftirlit, eftirlit og greiningar (sjá mynd 1). Áhersla var lögð á verkefna- og ferlamiðað skipulag þvert á eftirlitsskylda aðila en fyrra skipulag tók mið af skiptingu fjármálamarkaðarins. Markmið skipulagsbreytinganna var að auka skilvirkni og samhæfingu í starfseminni ásamt því að auka sveigjanleika og hámarka nýtingu mannauðs.



Mynd 1 Skipurit Fjármálaeftirlitsins

Auk eftirlitssviða eru þrjú stoðsvið, rekstur, mannauður og upplýsingatækni auk sviðs yfirlögfræðings og skrifstofu forstjóra.

Vettvangs- og verðbréfaeftirlit

Starfsemin skiptist í vettvangseftirlit, verðbréfamarkaðseftirlit og rannsóknir.

Hlutverk vettvangseftirlits er að framkvæma vettvangsathuganir á starfsstöðvum eftirlitsskyldra aðila á öllum þáttum í starfsemi þeirra.

Verðbréfamarkaðseftirlit hefur eftirlit með viðskiptum og starfsemi á verðbréfamarkaði. Í því felst meðal annars eftirlit með fjárfestavernd, upplýsingaskyldu útgefenda, yfirtökuskyldu, markaðsmisnotkun, innherjasvikum, meðferð innherjaupplýsinga, yfirferð og staðfesting lýsinga útgefenda o.fl.

Í árslok 2012 lauk Fjármálaeftirlitið rannsóknum á meintri refsiverðri háttsemi í aðdraganda fjármálahrunsins en alls voru rannsökuð 205 mál. Vegna lögbundins hlutverks Fjármálaeftirlitsins við frumrannsókn meintra brota á lögum um starfsemi á fjármálamarkaði og aukinna tilkynninga um meint brot á framangreindum lögum er nauðsynlegt að starfrækja áfram einingu til að sinna slíkum rannsóknum. Sú eining starfar innan vettvangs- og verðbréfaeftirlits.



Eftirlit

Eftirlit er stærsta svið Fjármálaeftirlitsins en starfsemi sviðsins lýtur að reglubundnu eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum. Sviðið skiptist í fjárhagslegt eftirlit, lagalegt eftirlit og sértæk lagaleg málefni.

Fjárhagslegt eftirlit sinnir annars vegar eftirliti með fjármálafyrirtækjum og hins vegar með lífeyrissjóðum, verðbréfasjóðum og váttryggingafélögum. Hlutverk hópsins er að hafa yfirsýn yfir áhættu og stöðu hvers og eins eftirlitsskylds aðila. Verkefni starfsmanna snúa m.a. að yfirferð á skýrslum, sértækum athugunum og mati á hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjórnum. Tilnefndir eru sérstakir ábyrgðarmenn með öllum eftirlitsskyldum aðilum sem eru megin tengiliðir á milli þeirra og stofnunarinnar.

Lagalegt eftirlit sér um afgreiðslu starfsleyfisumsókna, tilkynningar um virka eignarhluti, beiðni um samþykki fyrir samruna og yfirfærslu rekstrarhluta, beiðni um samþykki á reglubreytingum, staðfestingu útvistunarsamninga o.fl.

Hópur um sértæk lagaleg málefni var settur á fót til að mæta þeim miklu kröfum sem gerðar eru til Fjármálaeftirlitsins varðandi innleiðingu tilskipana og reglugerða Evrópusambandsins. Þá hefur orðið mikil fjölgun lagaákvæða sem leggja skyldur á Fjármálaeftirlitið að gefa út reglur um fjölmörg málefni. Að auki gefur Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli á ári hverju sem varða m.a. túlkun réttarheimilda. Hópurinn sinnir jafnframt verkefnum sem snúa að neytendavernd á fjármálamarkaði.

Greiningar

Hlutverk greiningasviðs er að áhættumeta einstaka geira fjármálakerfisins og markaðinn sem heild, fylgjast með þróun áhættu, gera tillögur að áherslum í eftirliti út frá áhættumati og meta þörf fyrir möguleg inngríp Fjármálaeftirlitsins. Þá leiðir greiningasviðið umbótarverkefni um innleiðingu áhættumiðaðs eftirlits og bætt gagnaskil. Greiningasvið er leiðandi í SREP ferli (e. *Supervisory Review and Evaluation Process*) fyrir banka og sparisjóði sem hefur það að markmiði að ákveða hversu mikið eigið fé fjármálafyrirtæki þarf að binda til að mæta áhættum sínum. Greiningasvið sinnir útgáfu tölulegs efnis og ber ábyrgð á framkvæmd samstarfssamnings við Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðlagaáætlun.

4.3 Alþjóðlegt samstarf

Þátttaka Fjármálaeftirlitsins í alþjóðlegu samstarfi er mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Samstarfið felst meðal annars í þátttöku í nefndum hjá þeim stofnunum og samtökum sem eftirlitið er aðili að. Með slíkri þátttöku gefst tækifæri til að fylgjast með undirbúningi nýmæla í regluverki og eftirlitsaðferðum, einkum á vettvangi stofnana Evrópusambandsins. Þekkingaröflun og tengsl sem skapast með slíkri þátttöku auðvelda vinnu við innleiðingu reglna hér á landi og samræmingu eftirlitsaðferða. Þátttaka í erlendu samstarfi skapar einnig tækifæri til að miðla upplýsingum um reynslu af eftirliti með fjármálamarkaði hér á landi.

Fjármálaeftirlitið er áheyrnaraðili (e. *observer*) að eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins er fjalla um verðbréfamarkað (*ESMA – European Securities and Markets Authority*), lánamarkað



(EBA – European Banking Authority) og váttrygginga- og lífeyrissjóðamarkað (EIOPA – European Insurance and Occupational Pensions Authority). Þá er Fjármálaeftirlitið þátttakandi í vinnuhópi á vegum EFTA. Veruleg vinna fylgir framangreindu samstarfi, m.a. við eftirfylgni málefna um fjármálaþjónustu sem eru til umfjöllunar á fundunum hverju sinni.

Fjármálaeftirlitið hefur einnig reglubundin samskipti við eftirlitsstofnanir á Norðurlöndum um ýmis málefni er varða þróun í fjármálastarfsemi og samþættingu eftirlits. Í kjölfar erfiðleika á fjármálamörkuðum hefur jafnframt verið stofnað til aukins samstarfs fjármálaeftirlita og seðlabanka innan Evrópu, og meðal Norðurlanda og baltnesku landanna sérstaklega, til að stuðla að fjármálastöðugleika.

4.4 Umbætur á regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi

Í mars 2012 gaf efnahags- og viðskiptaráðherra út skýrslu undir heitinu *Framtíðarskipan fjármálakerfisins*. Á sama tíma var skipuð þriggja manna nefnd sérfræðinga, G3, sem samanstóð af Jóni Sigurðssyni, Gavin Bingham og Kaarlo Jännäri. G3 hafði það hlutverk að skoða regluverk og tilhögun fjármálaeftirlits hér á landi og alþjóðlega reynslu og framvindu á þessu sviði með það í huga hvernig best væri að bæta úr þeim göllum á regluverki og eftirliti með fjármálastarfsemi sem komið höfðu í ljós í fjármálakreppunni. Niðurstöður sérfræðinganeftirlitsins voru settar fram í skýrslu til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, *Heildarumgjörð um fjármálastöðugleika á Íslandi (e. Framework for Financial Stability in Iceland)* sem kom út í október 2012. Í skýrslunni eru gerðar margvíslegar tillögur um lagabætur til að stuðla að stöðugleika og hagkvæmni í fjármálakerfinu og gera það einfaldara og skilvirkara. Í kjölfar skýrslunnar skipaði fjármála- og efnahagsráðherra nefnd til að fjalla sérstaklega um þær tillögur hópsins sem vörðuðu fjármálastöðugleika. Sú nefnd vann að frumvarpi til laga um stofnun fjármálastöðugleikaráðs, með tilheyrandi breytingum á meðal annars lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tillögur nefndarinnar lúta jafnframt að því að Fjármálaeftirlitinu beri í störfum sínum að stuðla að fjármálastöðugleika og að auknu samstarfi við Seðlabanka Íslands á því sviði.⁷ Þá skipaði atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra tvær nefndir til að fylgja tillögum G3 hópsins eftir. Annars vegar nefnd sem semja á frumvarpsdrög um skila- og slitameðferð fjármálafyrirtækja, eiginfjárfærir fjármálafyrirtækja, millibankaviðskipti og samspil innstæðutryggingakerfis og hugmynda um sérstakan skilasjóð. Hins vegar er nefnd sem falið hefur verið að semja frumvarp til laga um veitingu lána sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði. Gert er ráð fyrir að nefndirnar skili tillögum sínum á árinu 2013 og er ljóst að verði hugmyndir þeirra að veruleika mun það hafa í för með sér aukin verkefni fyrir Fjármálaeftirlitið.

4.5 Fjölgun verkefna

Starfsmönnum Fjármálaeftirlitsins hefur fjölgað töluvert frá efnahagshruni og hefur sú fjölgun staðið allt fram til ársins 2013. Ástæður eru meðal annars ný verkefni svo sem eftirlit með innheimtustofnunum, greiðslustofnunum og fagfjárfestastjóðum, tímabundið eftirlit með

⁷ Nefndin birti drög að frumvarpi til laga um fjármálastöðugleikaráð á vef fjármála- og efnahagsráðuneytisins þann 26. apríl 2013.



slitastjórnnum, aukið eftirlit með Íbúðalánasjóði og fram til loka árs 2012, rannsóknir á föllum fjármálafyrirtækjum. Í lok árs 2011 fluttist jafnframt yfirferð og staðfesting lýsinga útgefenda frá Kauphöll til Fjármálaeftirlitsins. Þá hafa auknar skyldur lagst á stofnunina í formi eftirlitsheimilda vegna breytinga á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og stofnunin hefur fengið aukið hlutverk við mat á kerfislegum áhættum og fjármálastöðugleika.

Í samræmi við stefnu stofnunarinnar hefur aukin áhersla verið lögð á upplýsingamiðlun og þátttöku í opinberri umræðu um málefni fjármálamarkaðarins. Í því skyni hefur Fjármálaeftirlitið m.a. hafið útgáfu vefrísins „Fjármál“, aukið tíðni blaðamannafunda og gefið út tilkynningar til almennings um einkenni og þróun fjármálamarkaðarins.

Yfirlit yfir ný verkefni frá árinu 2009	Ár	Áætlun um mannafla
Lög um innheimtustarfsemi 95/2008	2009	2
Lög nr. 78/2011 um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (slit, eftirlit og innleiðing). <i>Tímabundið verkefni</i>	2012	4
Rannsóknir fallinna fjármálafyrirtækja. <i>Tímabundið verkefni</i>	2009	17
Lög um greiðsluþjónustu	2011	2
Lög um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði 128/2011	2012	2
Yfirferð lýsinga frá Kauphöll	2012	3
Innheimtulög. Breytingar á lögum 95/2008 (<i>vörslusviptingar og innheimtuaðila</i>)	2012	1
Breytingar á lögum 44/1998 um húsnæðismál (Íbúðalánasjóður)	2012	1,5
Samtals:		32,5

Tafla 2. Ný verkefni frá árinu 2009

5 Megin áherslur næstu ára

Á næstu þremur árum mun Fjármálaeftirlitið leggja megin áherslu á að ljúka innri uppbyggingu eftirlitsins, innleiða áhættumiðað eftirlit, koma á skilvirkum gagnaskilum í samstarfi við eftirlitsskylda aðila og auka gagnsæi og traust á stofnuninni. Fjármálaeftirlitið er hluti af alþjóðlegu umhverfi á sínu sviði og þá sérstaklega sem aðili að EES-samningnum. Kröfur frá evrópskum eftirlitsstofnunum hafa aukist til muna og er ljóst að alþjóðlegt samstarf mun fá aukið vægi á næstu árum. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á áframhaldandi gott samstarf við Seðlabanka Íslands annars vegar við mat á kerfisáhættu og fjármálastöðugleika og hins vegar við viðlagaáætlanir og viðlagaæfingar.

5.1 Meginmarkmið og framtíðarsýn Fjármálaeftirlitsins

Framtíðarsýn Fjármálaeftirlitsins er að fjármálamarkaðir starfi eftir gildandi leikreglum í þágu



alls samfélagsins. Til að þessi sýn verði að veruleika hefur Fjármálaeftirlitið sett fram fimm sviðsmyndir sem stefnt er að því að framfylgja á næstu þremur árum. Út frá hverri sviðsmynd er unnið að því að skilgreina sértæk markmið og mælikvarða. Sviðsmyndirnar miða að því að festa í sessi breytt skipulag og framkvæmd á umbótum í starfseminni til að stofnunin geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu í samræmi við hámarksnýtingu mannafla og fjármagns sem er til ráðstöfunar hverju sinni.

Þær fimm sviðsmyndir sem Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á næstu árin eru:

Stjórnun, starfsfólk og skilvirkni

Áætlað er að innleiða verkefnaþiðaða stjórnun, þannig að viðurkenndum aðferðum verkefnastjórnunar verði beitt og starfsfólk vinni í verkefnateymum þegar það á við. Verkefni verði unnin samkvæmt áætlun, innan skilgreinds tímaramma og umfangs. Innan Fjármálaeftirlitsins verði starfsánægja með því besta sem þekkist meðal stofnana og liðsheild nái þvert á svið.

Faglegt og samræmt verklag

Stefnt er að innleiðingu ferlamiðaðs skipulags fyrir árslok 2014. Ferli verði skjalfest, rekjanleiki til staðar og umbætur stöðugar. Fjármálaeftirlitið fylgir viðeigandi stöðlum fyrir góða framkvæmd eftirlits á fjármálamarkaði⁸. Fjármálaeftirlitið lýkur málum formlega og eftir skilgreindum ferlum.

Áhættumiðað eftirlit og fjármálastöðugleiki

Unnið er að því að innleiða áhættumiðað eftirlit. Í því felst að gera formlegt áhættumat að veigameiri hluta eftirlits. Í því felst jafnframt að Fjármálaeftirlitið hafi betri yfirsýn yfir helstu áhættur, beiti sér markvisst varðandi mildun áhættu og fjalli um þær í samstarfi við Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika. Viðlagaáætlun sé virk, æfð reglulega og lykilmál þekki sín hlutverk. Hagsmunaaðilar viti hvað stofnunin gerir og hvað ekki.

Reglubundin upplýsingaöflun

Áhersla er á að innan þriggja ára hafi þorra reglubundinna skýrsluskila verið breytt í gagnaskil í góðu samstarfi við eftirlitsskylda aðila. Skýrslur verði samræmdar, skilaförni endurmetin og óþarfar skýrslur aflagðar. Í þessu felst jafnframt að innleiða formlega vöktun mikilvægra áhættuvísa og að beita dagsektum markvisst við eftirfylgni gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.

Gagnsæi, valdbeiting og traust

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að beita úrræðum tímanlega, af festu og að eftirlitsskyldir aðilar virði ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins, enda starfi stofnunin á gagnsæjan hátt. Fjármálaeftirlitið taki markvisst þátt í opinberri umræðu og njóti viðunandi trausts og skilnings á meðal mikilvægra hagsmunaaðila. Þá er áhersla lögð á að vinna stofnunarinnar mæti kröfum og standist skoðun gagnvart stjórnsýslulögum.

⁸ Hér er einkum vísað til kjarnaviðmiða Basel um bankaeftirlit en einnig hafa verið útbúnir staðlar fyrir eftirlit með vátryggingafélögum og lífeyrissjóðum.



5.2 Innleiðing tilskipana

Fjármálaeftirlitið gegnir bæði hlutverki eftirlits- og reglusetningaraðila. Vegna aðildar að EES-samningnum ber Íslandi að taka upp í íslenskan rétt efni tilskipana, reglugerða og tæknistaðla varðandi fjármálamarkaðinn sem samþykktar eru á vettvangi Evrópusambandsins. Þessi krafa er óháð fjölda eftirlitsskyldra aðila eða stærð fjármálamarkaðarins. Fjármálaeftirlitinu hefur í lögum verið falið umfangsmikið hlutverk við setningu reglna af þessu tagi auk þess sem leitað er til stofnunarinnar um þátttöku í þróun löggjafar á sviði fjármálaþjónustu. Í kjölfar efnahagsþrenginga hefur Evrópulöggjöfin orðið æ umfangsmeiri og flóknari. Það hefur í för með sér meiri vinnu fyrir starfsmenn Fjármálaeftirlitsins við annars vegar innleiðingu og hins vegar kynningu og leiðbeiningar fyrir markaðinn.

Um þessar mundir vinnur Fjármálaeftirlitið að undirbúningi á innleiðingu Solvency II tilskipunar Evrópusambandsins sem mun gjörbreyta starfsumhverfi váttryggingafélaga. Innleiðingin mun krefjast mikils vinnuframlags starfsmanna Fjármálaeftirlitsins, meðal annars við að undirbúa nauðsynlegar breytingar á tilhögun eftirlits og miðla upplýsingum um breytingarnar til váttryggingafélaga. Þá undirbýr Fjármálaeftirlitið innleiðingu á CRD IV tilskipun⁹ og CRR reglugerð¹⁰ sem mun hafa umfangsmiklar breytingar á löggjöf og eftirliti með fjármálafyrirtækjum í för með sér. Innleiðing tilskipunar um fagfjárfestasjóði (*AIFMD*)¹¹ mun einnig leiða til aukinna verkefna. Þá eru fyrirliggjandi umfangsmiklar breytingar á verðbréfamarkaði með innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins um skortsölu og breytingar á grunnnumgjörð á verðbréfamarkaði vegna afleiðuviðskipta. Vegna nýrra laga um greiðsluþjónustu og meðferð og útgáfu rafeyris er þörf á að setja frekari reglur þar um. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu verði ekki lokið fyrr en á árinu 2014.

5.3 Verðbréfamarkaður

Búast má við að skráðum félögum á markaði muni fjölga töluvert á næstunni eftir miklar afskráningar í kjölfar bankahrunsins. Útboðslýsingum hefur fjölgað mikið undanfarin misseri og fyrirséð er að þeim muni fjölga enn frekar. Fjöldi nýrra skráninga og aukin velta á verðbréfamarkaði mun skila sér í auknu umfangi verðbréfamarkaðseftirlits til framtíðar. Eftir aukna áhættuvitund markaðarins og vakningu á gagnrýnni hugsun í þjóðfélaginu hefur tilkynningum um meint brot á lögum á fjármálamarkaði fjölgað að undanfögnu. Fjármálaeftirlitið leggur á það áherslu að bregðast þegar í stað við ábendingum eða

⁹ DIRECTIVE OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on the access to the activity of credit institutions and the prudential supervision of credit institutions and investment firms and amending Directive 2002/87/EC of the European Parliament and of the Council on the supplementary supervision of credit institutions, insurance undertakings and investment firms in a financial conglomerate.

¹⁰ REGULATION OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL on prudential requirements for credit institutions and investment firms.


¹¹ DIRECTIVE 2011/61/EU OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 8 June 2011 on Alternative Investment Fund Managers and amending Directives 2003/41/EC and 2009/65/EC and Regulations (EC) No 1060/2009 and (EU) No 1095/2010.

tilkynningum um hugsanleg brot ásamt því að hafa vökult auga með mögulegu misferli á verðbréfamarkaði.

5.4 Umbótaáætlun stofnunarinnar

Megin áherslur í innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins byggja á aðgerðaáætlun sem samþykkt var af stjórn Fjármálaeftirlitsins. Umbótaverkefni eru fjögur og endurspeglar hvert og eitt þeirra framangreindar sviðsmyndir sem stofnunin hefur sett fram fyrir komandi ár. Áætlað er að verkefni verði unnin á næstu tveimur árum og eru þau að hluta fjármögnuð með IPA styrk frá Evrópusambandinu sem samþykkt var að veita stofnuninni í mars síðast liðnum. Um er að ræða umfangsmikil verkefni sem munu hafa mikil áhrif á starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Við undirbúning þessara verkefna hafa starfsmenn Fjármálaeftirlitsins nýtt sér tæknilega aðstoð sem stendur umsóknarríkjum að Evrópusambandinu til boða og kallast TAIEX¹² (e. *Technical Assistance Information Exchange office*). Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafa meðal annars farið í heimsóknir til erlendra fjármálaeftirlita til að afla sér þekkingar á sviði áhættumiðaðs eftirlits og mannauðsstjórnunar. Fyrirhugað er að sækja um frekari aðstoð á næstu misserum.

Í upphafi árs 2012 var stofnaður stýrihópur sem ber ábyrgð á framkvæmd umbótaverkefna ásamt verkefnastjóra (sjá mynd 2). Mikil áhersla hefur verið lögð á framvindu þessara verkefna sem hafa það sameiginlega markmið að hámarka nýtingu fjármuna og mannafla stofnunarinnar á sem skilvirkastan hátt. Áætlað er að þeim verði að mestu lokið í árslok 2015.



Mynd 2 Skipulag umbótaverkefna

¹² TAIEX er aðstoð í formi yfirfærslu á þekkingu og ráðgjöf þar sem sérfræðingar frá stjórnarsýslu aðildarríkja ESB veita aðildar- og umsóknarríkjum aðstoð við að búa sig undir þær skuldbindingar sem aðild felur í sér. Aðstoðin er aðgengileg meðan á umsóknarferlinu stendur.



Megin tilgangur áætlunarinnar er að koma á umbótum í starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem felast í innleiðingu verkefna- og ferlamiðaðs skipulags, uppbyggingu áhættumiðaðs eftirlits, þjálfun og þróun mannauðs og endurskipulagningu gagnaskila frá eftirlitsskyldum aðilum til Fjármálaeftirlitsins. Nánar er fjallað um verkefnin hér á eftir.

Samræmt verklag

Verkefnið felur í sér að móta, innleiða og festa í sessi ferlaskipulag og skjalfest verklag í allri starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Verkefninu er ætlað að stuðla að því að stofnunin geti ávallt sinnt eftirlitshlutverki sínu og öðrum lögbundnum hlutverkum á faglegan, virkan og árangursríkan hátt. Markmiðið er að samræma verklag við framkvæmd eftirlits og að tryggja samræmi og rekjanleika í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Hluti verkefnisins felur einnig í sér áform Fjármálaeftirlitsins um að uppfylla skilyrði alþjóðlegra kjarnaviðmiða um árangursríkt bankaeftirlit (e. *Basel Core Principles for Effective Banking Supervision*).

Áhættumiðað eftirlit

Tilgangur verkefnisins er að móta, innleiða og festa í sessi áhættumiðað eftirlit með eftirlitsskyldum aðilum og reglubundið áhættumat á íslensku fjármálakerfi. Verkefninu er ætlað að stuðla að því að eftirliti verði forgangsraðað og skipulagt í samræmi við metna áhættu og mikilvægi fyrir fjármálalegan stöðuleika og neytendur með hámarksnýtingu mannafla og fjármagns sem er til ráðstöfunar hverju sinni.

Verkefnið er tvíþætt, annars vegar mótun aðferðafræði áhættumiðaðs eftirlits og hins vegar innleiðing tölvukerfis fyrir áhættumat.

Umbætur í mannauðsmálum

Markmið umbóta í mannauðsmálum er að styðja markvisst við starfsemi Fjármálaeftirlitsins með það fyrir augum að allir starfsmenn þekki hlutverk sitt, hafi góða þekkingu á viðfangsefninu og séu vel þjálfaðir í þeirri aðferðafræði sem er beitt í verkefna-, ferla-, umbóta- og áhættumiðuðu eftirliti. Ávinningurinn er aukin fagmennska í vinnubrögðum, skilvirkni og starfsánægja starfsmanna.

Gagnaskil

Tilgangur verkefnisins er að skilgreina ferli gagnaskila, bæta gagnagæði og samræmi í nýtingu þeirra gagna sem safnað er og auka skilvirkni í eftirliti með betri greiningum byggðum á réttari gögnum. Markmið verkefnisins er að gera ferlið markvissara og skilvirkara og færast frá skýrsluskilum yfir í rafræn gagnaskil. Það leiðir af sér aukið hagræði og sparnað fyrir eftirlitsskylda aðila og stofnunina.

6 Rekstraráætlun fyrir árið 2014

Rekstraráætlun ársins 2014 tekur mið af megináherslum í stefnu stofnunarinnar og þeim markmiðum sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan. Aftast í skýrslunni er að finna rekstrar- og tekjuáætlun ásamt yfirliti yfir álagningu eftirlitsgjalds.



6.1 Helstu gjaldaliðir

Stærsti gjaldaliður stofnunarinnar er starfsmannakostnaður en auk þess vegur ferðakostnaður, stjórnunar- og skrifstofukostnaður, aðkeypt sérfræðipjónusta og húsnæðiskostnaður þungt í rekstri stofnunarinnar. Nánar er gerð grein fyrir helstu gjaldaliðum hér að aftan.

Launakostnaður

Mikilvægt er fyrir Fjármálaeftirlitið að hafa ávallt á að skipa öflugum, vel menntuðum og reyndum hópi þjálfaðra sérfræðinga. Starfsmannafjöldi ræður mestu um helstu rekstrarstærðir Fjármálaeftirlitsins, þ.e. laun og launatengd gjöld, húsnæðisþörf og umfang tölvubúnaðar.

Áætlunin gerir ráð fyrir að fjöldi starfsmanna verði 122 á árinu 2014 eins og stefnt var að í rekstraráætlun fyrir árið 2013. Er þá miðað við að stofnuninni verði ekki falið aukið hlutverk eða ný verkefni.

Áætlaður launa- og starfsmannatengdur kostnaður nemur 1.490,5 m.kr. sem er um 5% hækkun milli ára. Hækkunin er tilkomin vegna þess að samningar stéttarfélaganna renna út síðari hluta árs 2013 og óvissa ríkir um samningsbundnar launahækkanir á árinu 2014.

Ráðherra ákvarðar laun stjórnarmanna. Heildarkostnaður vegna launa þeirra er áætlaður óbreyttur milli ára eða 21,1 m.kr. með launatengdum gjöldum.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar lækkar um 1% og er áætlaður 86,5 m.kr í stað 87,0 m.kr. áður. Hér er fyrst og fremst um að ræða kostnað vegna prentunar, skrifstofuvara, auglýsinga og upplýsingamiðlunar stofnunarinnar í samræmi við stefnu hennar um faglega umræðu og gagnsæi sem og vinnu við mat og greiningu á árangri stofnunarinnar.

Ferða- og starfstengdur kostnaður

Ferða- og starfstengdur kostnaður skiptist í tvo þætti. Annars vegar funda- og ferðakostnað starfsmanna og hins vegar kostnað vegna alþjóðlegs samstarfs í formi þátttökugjalda.

Í samræmi við áherslur stofnunarinnar um virkari þátttöku í alþjóðlegu samstarfi er gert ráð fyrir að kostnaður vegna ferða hækki um 13% á milli ára og fari úr 44 m.kr. í 50 m.kr. Stærsti hluti annars kostnaðar stofnunarinnar samkvæmt þessum gjaldalið er vegna þátttökugjalda í tengslum við aðild Fjármálaeftirlitsins að eftirlitsstofnunum Evrópusambandsins og þátttöku í öðru erlendu samstarfi. Gert er ráð fyrir að sá kostnaður verði 1,5 m.kr. lægri en áætlað var fyrir árið 2013.

Heildarkostnaður vegna funda, ferðalaga og erlends samstarfs er því áætlaður um 103,2 m.kr. sem er 7% hækkun á milli ára.

Sérfræðikostnaður

Almennur sérfræðikostnaður stofnunarinnar lækkar nokkuð milli ára eða um rúm 11% og er áætlaður um 159,6 m.kr. á árinu 2014 í stað 180,3 m.kr. á árinu 2013. Stærsti hluti kostnaðarins lýtur að upplýsingatækni. Er hér um að ræða kostnað vegna áframhaldandi



uppbyggingar á vöruhúsi gagna, þróunar á gagnaskilum eftirlitsskyldra aðila, skjalastjórnun og innleiðingu áhættumatskerfis. Annar sérfræðikostnaður lýtur að ýmiskonar þjónustu, svo sem endurskoðenda, lögmanna vegna aðildar að dómsmálum, ráðningarþjónustu og vegna ráðgjafanefndar um mat á hæfi stjórnarmanna.

Rekstur tækja og áhalda

Kostnaður vegna reksturs tækja og áhalda er áætlaður um 4,1 m.kr. í stað 4,0 m.kr. árið 2013 og hækkar því um 2% á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkar um 7% milli ára og fer úr 32,4 m.kr. í 34,8 m.kr. Á móti þessum kostnaði eru áætlaðar 7 m.kr. í mótframlag starfsmanna vegna mötuneytis og er raunhækkun því um 5%.

Húsnæðiskostnaður

Húsaleiga vegna núverandi húsnæðis byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Áætlaður kostnaður vegna leigu og reksturs húsnæðis er 100,2 m.kr., þar af er húsaleiga um 75 m.kr. Hækkun húsnæðiskostnaðar eru 2%.

Eignakaup

Áætluð eignakaup á árinu 2014 eru 12,5 m.kr. sem er 37% lækkun milli ára. Lækkunin stafar af því að ekki er gert ráð fyrir sérstökum kaupum á húsbúnaði en síðastliðin tvö ár hefur fallið til nokkur kostnaður í tengslum við flutning stofnunarinnar í nýtt húsnæði.

Rekstrarkostnaður samtals

Samtala gjaldaliða er áætluð 2.168,1 m.kr. á árinu 2014 samanborið við 2.098,2 m.kr. áætlaðan kostnað ársins 2013 að meðtöldum IPA styrk. Hækkun milli ára er 69,9 m.kr. eða rétt um 3%. Að frátöldum IPA styrk er hækkun milli ára 46,9 m.kr. eða 2%. Þess ber þó að geta að vegna yfirfærslu eigin fjár frá fyrra ári og að teknu tilliti til varasjóðs mun lækkun á álögðu eftirlitsgjaldi verða um 8%.

6.2 Helstu tekjuliðir

Samkvæmt lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skulu eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar sem tilgreindir eru í lögnum standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins með sérstöku eftirlitsgjaldi. Tekjur stofnunarinnar byggja því að langmestu leyti á því gjaldi. Lögin heimila stofnuninni þó einnig í ákveðnum tilvikum að taka gjald samkvæmt gjaldskrá, sem hún setur, fyrir nauðsynlegt umframeftirlit og fyrir afgreiðslu og skráningu sértækra staðfestingar og mats sem leiðir af starfseminni. Þá eru einnig í lögnum ákvæði um fastagjöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi. Nánar er gerð grein fyrir áætluðum tekjum hér að aftan.

Áætluð álagning eftirlitsgjalds árið 2014

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. tilgreindra laga skal Fjármálaeftirlitið í skýrslu þessari leggja mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í



eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila.

Tímaskipting milli eftirlitsskyldra aðila byggist á tímaskráningu starfsmanna. Hafa verður þó í huga að fjölmörg mál og eftirlitsverkefni stofnunarinnar varða fjármálamarkaðinn allan (e. *cross-sectoral*) eða einstaka undirflokka, s.s. lánamarkað eða váttryggingamarkað. Þá eru mörg verkefni tengd innri starfsemi eftirlitsins. Það er því ekki gerlegt að tengja nema ákveðinn hluti skráðra tíma stofnunarinnar einstökum eftirlitsskyldum aðilum eða flokkum þeirra. Fjármálaeftirlitið telur þó að tímaskráningin gefi nægilegar upplýsingar til raunhæfs mats á skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar milli helstu flokka eftirlitsskyldra aðila.

Samanburður á skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar, að meðaltali fyrir síðustu þrjú ár, við sambærilegt fyrra meðtal reiknað á árinu 2012 sýnir óverulega breytingu á innbyrðis skiptingu ráðstöfunartímans milli flokka eftirlitsskyldra aðila og nema stærstu frávik þar um 1%.

Í töflunni *Tekjuáætlun 2014* hér á eftir er sýnd tillaga Fjármálaeftirlitsins um skiptingu eftirlitsgjalds á árinu 2014 milli flokka eftirlitsskyldra aðila, álagningarstofnar gjaldsins og tillögur um breytingar á álagningarhlutföllum og þau lágmarks- og fastagjöld sem lagt er til að verði breytt. Í töflunni er einnig sýnd sambærileg hlutfallsskipting álagðs eftirlitsgjalds á árinu 2013 ásamt gildandi álagningarhlutföllum og lágmarks- og fastagjöldum. Tillögur þessar taka mið af áætlaðri þörf fyrir tekjur af eftirlitsgjaldi samkvæmt töflunni *Rekstraráætlun fyrir árið 2014 og samanburður við árið 2013* og af skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar að meðaltali síðustu þrjú ár. Vakin skal athygli á því að í þeim dálkum í töflunni sem sýna hlutfallsskiptingu álagðs eftirlitsgjalds eru ekki meðtalin eftirlitsgjöld á fjármálafyrirtæki undir slitastjórn en álagning á þessi fyrirtæki hefur alfarið tengst kostnaði við rannsóknir á bankahruninu og eftirliti með slitastjórnnum.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir er nú lagt til að álagningarhlutföll verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlara, fagfjárfestastofna í rekstri rekstrarfélaga verðbréfasjóða eða annarra aðila, verðbréfamiðstöðva og kauphalla verði óbreytt en álagningarhlutföll annarra aðila lækki. Í töflunni kemur einnig fram að áfram er gert ráð fyrir mismuni á álagningarhlutföllum vegna annars vegar viðskiptabanka og hins vegar sparissjóða, lánaþyrirtækja og greiðslustofnana en verklag hefur verið óbreytt hvað það varðar frá og með árinu 2008.

Fjármálaeftirlitið telur ekki tilefni til að leggja til almennar breytingar á lágmarks- og fastagjöldum eftirlitsgjalda vegna rekstraráætlunarinnar fyrir árið 2014. Undanskilin eru þó þrepaskipt fastagjöld lífeyrissjóða og fastagjöld á fallin fjármálafyrirtæki.

Varðandi fastagjöld lífeyrissjóða eru nú lagðar til breytingar sem miða að því að hlutur þeirra verði um 60% af heildarálagningu eftirlitsgjalds á lífeyrissjóðina í samræmi við fyrri óskir Landssamtaka lífeyrissjóða þar um. Lagt er því til að gjöldin verði þessi:

Fastagjald 1.180 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, 1.900 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til og með tíu milljarða króna, 3.310 þús.kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris frá tíu milljörðum króna til og með



tuttugu og fimm milljarða króna, 6.150 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris frá tuttugu og fimm milljörðum króna til og með eitthundrað milljarða króna og 7.140 þús. kr. vegna lífeyrissjóða með hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir.

Frá og með árinu 2009 hefur verið lagt á eftirlitsgjald í formi fastagjalds á fallin fjármálafyrirtæki eða fjármálafyrirtæki sem stýrt er af slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Álagningu eftirlitsgjalds á fyrirtæki í þessari stöðu var fyrst og fremst ætlað að standa straum af kostnaði við rannsóknir tengdar bankahruninu og hefur kostnaði við þá vinnu verið haldið utan við þau rekstrargjöld stofnunarinnar sem starfandi eftirlitsskyldum aðilum er ætlað að greiða með eftirlitsgjaldi. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið rannsóknarstarfsemi í tengslum við bankahrunið. Föllnum fjármálafyrirtækjum fylgir þó áfram eftirlitsskylda vegna slitastjórna og er því í þessari áætlun gert ráð fyrir að leggja þurfi samtals 25,5 m.kr. eftirlitsgjöld á fyrirtæki í þessari stöðu á árinu 2014. Í áætluninni er því gert ráð fyrir að fast gjald á viðskiptabanka í þessari stöðu verði 3.000 þús.kr. en gjaldið er nú 6.000 þús.kr. Fast gjald á aðrar lánastofnanir verði 1.500 þús.kr. en gjaldið er nú 3.000 þús. kr., og fast gjald á önnur fjármálafyrirtæki verði 500 þús.kr. en gjaldið er nú 1.500 þús. kr.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins til efnahags- og viðskiptaráðherra með rekstraráætlun ársins 2013 var getið um töluverð vanskil varðandi álögd eftirlitsgjöld á fallin fjármálafyrirtæki. Heildarfjárhæð vanskila álagðra eftirlitsgjalda á þessi fyrirtæki, sem að mestu greinast á fjögur fyrirtæki, eru nú alls um 153 m.kr. (með vöxtum 181 m.kr.). Fjárhæð þessi er talin til eignfærð í efnahagsreikningi 2012. Innheimta krafanna er í því ferli sem lög gera ráð fyrir en alls er óvíst á þessari stundu hvenær eða hversu mikið af þeim muni á endanum fást greitt.

Samkvæmt rekstraráætluninni fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að eftirlitsgjald í heild nemi 1.608,7 m.kr., samanborið við 1.755,3 m.kr. eftirlitsgjald samkvæmt endurskoðaðri áætlun ársins 2013. Það er rúmlega 8% lækkun milli ára.

Aðrar tekjur og vaxtatekjur

Fjármálaeftirlitið fær vexti af innstæðum á reikningum sínum í Seðlabanka Íslands. Áætlaðar vaxtatekjur nettó, 17,0 m.kr., byggja á áætlaðri meðalstöðu innstæðu miðað við álagningu eftirlitsgjalds samkvæmt drögum að rekstraráætlun.

Aðrar tekjur eru áætlaðar 20 m.kr. Þar af eru 7 m.kr. endurkrafinn kostnaður frá starfsmönnum vegna mótuneytiskostnaðar og 13 m.kr. vegna þjónustu sem stofnuninni er heimilt að endurkrefja samkvæmt gjaldskrá t.d. vegna yfirferðar útboðslýsinga.

IPA styrkur

Stofnunin hefur fengi vilyrði fyrir svokölluðum IPA styrk frá Evrópusambandinu til að fjármagna umbótaverkefni (sjá nánar kafla 5.4), sbr. skýringar við breytingartillögu að frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2013. Þess er vænst að gengið verði frá formlegum samningi um styrkinn haustið 2013. Í áætlun fyrir árið 2013 er gert ráð fyrir að styrkurinn komi til útgreiðslu á árunum 2013 til og með árinu 2016 og verði alls að andvirði 458,4 m.kr. (m.v. gengi EUR 159,98). Í áætlun ársins 2013 eru tekjufærðar 122,2 m.kr. vegna þessa styrks en áætluð fjárhæð á árinu 2014 er 145,2 m.kr.



Mikil vinna hefur verið lögð í frágang IPA samningsins við Evrópusambandið nú á vormánuðum 2013. Samningunum er meðal annars ætlað að kosta uppbyggingu á innra starfi stofnunarinnar, svo sem áhættumiðað eftirlit eins og lýst er í kafla 5.4 hér að framan. Komi til þess að ekki verði af styrkveitingu mun kostnaður vegna framangreindra verkefna óhjákvæmilega falla á eftirlitsskylda aðila.

Rekstraráætlun fyrir árið 2014 og samanburður við árið 2013

Rekstrarkostnaður	Áætlun 2013 2	Endurskoðuð áætlun 2013 3	Áætlun 2014 4	Breyt. % 3 til 4
Laun og starfsmannatengdur kostnaður	1.426.000.000	1.426.000.000	1.490.500.000	5%
Úrskurðarnefndir	15.000.000	30.000.000	31.500.000	5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	87.000.000	87.000.000	86.500.000	-1%
Ferða- og starfstengdur kostnaður	98.000.000	98.000.000	103.200.000	5%
Aðkeypt sérfræðipjónusta	180.300.000	180.300.000	159.600.000	-11%
Rekstur tækja og áhaldar	4.000.000	4.000.000	4.100.000	2%
Annar rekstrarkostnaður	26.400.000	32.400.000	34.800.000	7%
Húsnæðiskostnaður	98.300.000	98.300.000	100.170.000	2%
Eignakaup	20.000.000	20.000.000	12.500.000	-37%
Samtals	1.955.000.000	1.976.000.000	2.022.870.000	2%
Umbótaverkefni (IPA styrkur)		122.200.000	145.200.000	19%
Gjöld alls	1.955.000.000	2.098.200.000	2.168.070.000	3%
Tekjur				
Álagt eftirlitsgjald. m.v. breytingar á lögum nr. 99/1999	1.742.847.039	1.755.373.000	1.608.651.204	-8%
Vaxtatekjur netto	8.000.000	15.000.000	17.000.000	
Úrskurðarnefndir		15.000.000	16.000.000	
Aðrar tekjur	3.000.000	9.000.000	20.000.000	
IPA styrkur		122.200.000	145.200.000	
Tekjur alls	1.753.847.039	1.916.573.000	1.806.851.204	
Tekjuafgangur	-201.152.961	-181.627.000	-361.218.796	
Yfirfært frá fyrra ári, áætlað	281.152.961	622.845.796	441.218.796	
Eigið fé í árslok	80.000.000	441.218.796	80.000.000	
- þar af sérstakur varasjóður	80.000.000	80.000.000	80.000.000	
- þar af annað eigið fé	0	361.218.796	0	

Tafla 3. Rekstraráætlun fyrir árið 2014 og samanburður við árið 2013



Áætlað eftirlitsgjald 2014

Áætlun álagning eftirlitsgjalds 2014 ásamt tillögum um álagningarhlutföll og lágmarks- og fastagjöld	Tilvisun í nr. til. í l. mgr. 5. gr. laga nr. 99/1999	Álagningarstofn ¹⁾	Álagt eftirlitsgjald í ársbyrjun 2013	Hlutfallsleg skipting álagðs eftirlitsgjalds 2013	Álagningarstofn samkvæmt ársreikningum 2012	Tillögur um lágmarks- og fastagjöld 2014	Gildandi lágmarks- og fastagjöld 2013	Tillögur um álagningarhlutföll vegna ársins 2014	Gildandi álagningarhlutföll 2013	Áætlun álagning vegna ársins 2014 ²⁾	Hlutfallsleg skipting áætláðs eftirlitsgjalds 2014
Lánastofnanir		e	971.543	57,0	3.068.125.590					879.611	55,6
Viðskiptabankar	1.a	e	926.209	54,3	2.902.265.274	1.000	1.000	0,02879	0,0323	835.562	52,8
Sparisjóðir	1.b	e	17.501	1,0	56.536.515	1.000	1.000	0,02605	0,0292	15.579	1,0
Lánafyrirtæki (sjá þó L.s.j.sveitarfél. meðar í töflu)	1.b	e	27.833	1,6	109.323.801	1.000	1.000	0,02605	0,0292	28.479	1,8
Greiðslustofnanir	1.b	e	1.000	0,1	0	0	1.000	0,02603	0,0292	1.000	0,1
Vátryggingatélög	2	i	196.908	11,6	50.489.712	1.000	1.000	0,32340	0,4040	165.821	10,5
Vátryggingamiðlarar	3	i	5.389	0,3	643.094	450	450	0,17860	0,2230	5.175	0,3
Verðbréfafyrirtæki	4	e	22.683	1,3	3.370.435	1.000	1.000	0,51000	0,5100	20.904	1,3
Verðbréfamíðlanir	5	e	1.279	0,1	112.910	600	600	0,51000	0,5100	1.200	0,1
Reksitráflög	6	e	110.251	6,5	339.932.864	1.000	1.000	0,03160	0,0344	109.924	6,9
* fagfjárfestisjóðir - lög 128/2011	6	hre	20.819	1,2	96.786.190	300	200	0,01500	0,0150	20.564	1,3
Verðbréfamíðstöðvar	7	t	3.731	0,2	560.095	600	600	0,71000	0,7100	3.977	0,3
Kauphallir	8	t	4.407	0,3	500.605	600	600	0,82000	0,8200	4.105	0,3
Lífeyrissjóðir	9	el	239.095	14,0	2.394.307.825	5 ³⁾ 1.200 - 7.260	1.200 - 7.260	0,01022	0,01140	244.698	15,5
Innlánsdeildir samvinnufélaga	10	f	450	0,0	0	450	450			450	0,0
Ibúðalánasjóður	11	e	58.750	3,4	876.063.738	1.000	1.000	0,00606	0,0068	53.089	3,4
Lánasjóður sveitarfélaga	12	e	6.368	0,4	70.212.477	600	600	0,00785	0,00880	5.512	0,3
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárf. og öryggissjóðir skv. l. um innstæðuþryggingar	13	f	1.000	0,1		500	500			1.000	0,1
Aðilar með innheimtuleyfi skv. l. nr. 95/2008	14	f	2.800	0,2		700	700			2.800	0,2
Erlendir vörtsuaðilar séreignarsparnaðar	f	f	3.200	0,2		1.600	1.600			3.200	0,2
Eignarhaldstélög skv. 4. mgr. 5. gr.	f	f	18.000	1,1		1.500	1.500			18.000	1,1
Útgefendur hlutabréfa og skuldabréfa	f	f	36.700	2,2		4 ⁴⁾				42.080	2,7
Samtals			1.704.373	100,0						1.563.109	100,0
Fjármálaþyrirtæki undir skiljanefndum o.fl. ³⁾	f	f	51.000			0,5-3 mkr.	1-6 mkr.			25.500	
AÍLS			1.755.373							1.608.609	

1) e=eignir samtals; t=rekstrarrekljúr; el= hrein eign til greiðslu lífeyris; i=ögjöld; f=fastagjald; hre=hrein eign.

2) Tekið hefur verið tillit til áhrifa lágmarksgjalda.

3) Fjármálaþyrirtæki sem stýri er af sílissjóðum.

4) Öbreytt þrepaskipt fastagjöld sbr. 5. kafla skýrslunnar.

5) Áætlun fastagj. lífeyrissj.: Vegna heimmar eignar til greiðslu lífeyris undir 1 ma.kr., 1.180 þús.kr.; frá 1 ma.kr. til og með 10 ma.kr., 1.900 þús.kr.;

frá 10 ma.kr. til og með 25 ma.kr., 3.310 þús.kr.; frá 25 ma.kr. til og með 100 ma.kr. 6.150 þús.kr.; yfir 100 ma.kr. 7.140 þús.kr.

Tafla 4. Tekjuáætlun 2014 - Áætlað álagning eftirlitsgjalds